

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 14.04.2016

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 14.04.2016

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Ársreikningur
2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits.
3. Bréf frá Blönduósbæ v/upplýsingamiðstöð ferðamála í A-Hún
4. Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í Skagabyggð, seinni umræða
5. Styrktarbeiðni skólafélagið Rán
6. Skólamáltíðir
7. Rafmagns og ljósleiðaramál Víkur
8. Önnur mál

1. Ársreikningur

Undir þessum lið er mættur Kristján Jónasson frá KPMG. Kristján Jónasson skýrði ársreikning sveitarfélagsins. Rekstrarniðurstaða A og B hluta sveitarfélagsins er jákvæð um 6.250.000.- Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 6.525.000.-

Reikningum vísað til seinni umræðu.

2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits

Borist hefur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna til þess hvort þeir telji æskilegt að hafin verði formleg vinna við að endurskipuleggja starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Oddvita falið að svara erindi og kynna á næsta fundi.

3. Bréf frá Blönduósbæ v/upplýsingamiðstöð ferðamála í A-Hún

Sveitarstjórn samþykkir að koma að samstarfi um rekstur upplýsingarmiðstöðvar að því gefnu að kostnaðarskipting verði með sama hætti og kostnaðarskipting vegna BS um menningu og atvinnumál.

4. Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í Skagabyggð

Sveitarstjórn samþykkir samþykkt.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 14.04.2016

5. Styrktarbeiðni skólafélagið Rán

Borist hefur styrktarbeiðni frá skólafélaginu Rán v/Íþróttamaðons. Samþykkt að styrkja um kr. 40.000

6. Skólamáltíðir

Ræddar voru breytingar á skólamáltíðum sem kæmu til framkvæmda á næsta skólaári.

7. Rafmagns og ljósleiðaramál Víkur

Vignir lagði fram kostnaðaráætlun v/rafmagns og ljósleiðaralagningu til Víkna og Ásbúðna. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins við framkvæmdina er kr. 2.000.000.-

8. Önnur mál

Viðræður hafa verið milli Skagabyggðar og Mílu um leigu á húsi og mastri við Tjörn vegna uppsetningar á Gsm sendi til bættrar þjónustu á svæðinu. Oddvita falið áframhaldandi samningagerð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið.